

AUGLÝSING

(III) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2009/2010 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

Stykkishólmsbær.

Ákvæði reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Stykkishólms með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Rétt til byggðakvóta hafa bátar þeirra útgerða sem eiga aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1. september 2009 og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum þ.e. fiskveiðiarin 2001/2002 og 2002/2003 og aðilar sem keypt hafa báta eða útgerðir sem orðið hafa fyrir þessum samdrætti og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á þeim, tveimur síðustu, skelvertíðum. Byggðakvóta verði úthlutað í hlutfalli við aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1. september 2009.
- b) Fiskiskipum sem fá úthlutað byggðakvóta er skylt að landa aflanum í Stykkishólmshöfn, til vinnslu í byggðarlaginu, afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað. Skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt samkvæmt vigtunarskýrslum Stykkishólmshafnar og ráðstöfunarskýrslum sem borist hafa Fiskistofu.

Fjallabyggð.

Ákvæði reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Fjallabyggðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 82/2010 breytist hvað byggðakvóta Siglufjarðar varðar og verður: Við úthlutun skal ekkert fiskiskip hljóta meira en 50 þorskígildislestir.
- b) 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 82/2010 breytist hvað byggðakvóta Ólafsfjarðar varðar og verður: Við úthlutun skal ekkert fiskiskip hljóta meira en 25 þorskígildislestir.
- c) 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist hvað varðar bæði byggðarlögin og verður: Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan sveitarfélagsins afla sem nemur, ... o.s.frv.
- d) 2. mgr. 6. gr. breytist og verður: Með vinnslu skv. 1. mgr. er átt við flökun, flatningu eða herslu.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 18. mars 2010.

F. h. r.

Hinrik Greipsson.

Kristján Freyr Helgason.